



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Danska Kvikmyndir

Haustönn 2019

DANS3KD05

Kennari:	Pelle Damby Carøe pellecaroe@fsu.is	Sk.st.	PC
-----------------	---	---------------	-----------

Undanfari: DANS2LM05

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla þætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, svo og sjálfstæði hans og ábyrgð í vinnubrögðum.

Kennsla fer að mestu leiti fram á dönsku.

Markmið áfangans er að:

Tal: Nemendur þjálfist í að tala saman af öryggi um námsefni áfangans, að svara fyrirspurnum og færa rök fyrir skoðunum sínum. Nemendur geti gefið nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum og dregið saman niðurstöður.

Hlustun: Nemendur vinni með ýmiss konar hlustunarverkefni, geti skilið sjónvarpsþætti og kvikmyndir án mikilla erfiðleika og geti skilið langan málflutning á dönsku.

Ritun: Nemendur geti tjáð sig skriflega með skýrum og vel samsettum texta í viðeigandi ritstíl hvort heldur sem er um að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins t.d endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

Orðaforði: Nemendur tileinki sér sérhæfan orðaforða í tengslum við námsefni sem unnið er með hverju sinni.

Lestur: Nemendur geti lesið sérfræðigreinar sem tengjast viðfangsefni áfangans.

Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • viðeigandi ritstíl í dönsku ritmáli • danskri kvikmyndagerð • flóknum rauntextum • fjölbreyttum orðaforða sem tengist námsefninu • helstu atriðum og þemum í dönskum kvikmyndum
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geta tjáð sig af öryggi og ábyrgð án mikillar umhugsunar • skilja þegar töluð er danska og skilja nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum • nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni • tjá sig skýrt um námsefni sem hann hefur kynnt sér • tjá sig skriflega á skýran og gagnrýnan hátt og valið sér rítstil sem hentar hverju sinni • vinna að skapandi verkefnum þar sem sérhæfð þekking kemur fram • skipuleggja vinnuferli og sýni frumkvæði í vinnubrögðum
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • meta eigið vinnuframlag og annarra • skilja flókið efni jafnvel þótt það tengist ekki hans sérsviði • taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu og tjá afstöðu sína á siðferðislegan hátt • setja fram hugmyndir sínar og skoðarnir af nákvæmni • lesa á milli lína og áttað sig á dýpri merkingu texta • nota málið á sveigjanlegan og áhrifaríkan hátt í félagslegum og faglegum tilgangi

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
20. ág. - 15. sept.	Kvikmyndir 1 og 2 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 1 (skriflegt) Ritun próf 1	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Skrifleg próf
16. sept. - 13. okt.	Kvikmyndir 3 og 4 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 2 (munnlegt) Fræði, bakgrunnur Hlustun próf 1	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Munnleg próf
14. okt. - 10. nóv.	Kvikmyndir 5 og 6 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 3 (stuttmynd) Ritun próf 2	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Sköpun / stuttmynd (próf)
11. nóv. - 6. des.	Kvikmynd 7 og 8 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 4 (frjáls aðferð) Hlustun próf 2	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Frjáls aðferð (próf)

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er án lokaprófs, þess vegna skiptir dagleg þátttaka í tímum og verkefnaskil **öllu máli**.

Fyrirkomulag námsmats:

Símat/leiðsagnarmat sem byggir á verkefnavinnu, þemavinnu, skriflegum og munnlegum prófum. Námsmatið tekur til allra færniþáttanna þ.e.a.s. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Áhugi / ástundun	Innlifun & verkefnaskil	10%
Þemaverkefni	4 próf: Munnleg (10%), skrifleg (10%), stuttmynd (20%), frjáls aðferð (10%)	50%
Ritun	2 próf: Ritun tengt kvikmyndum	20%
Hlustun	2 próf: Sjónvarpsefni, þættir	20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

*Kærlig hilsen,
Pelle Damby Carøe*